

Ed. 636. Frumvarp til laga

um eignaraukaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á árinu 1944 skal leggja sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árunum 1940, 1941, 1942 og 1943 og er umfram 100 þús. krónur hjá hverjum skattþegni, enda nemi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð. Skatturinn reiknast þannig:

Af 100—200 þús. kr. greiðist 20% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200 þús. til 1 millj. kr. greiðist 20 þús. af 200 þús. og 25% af afgangi.

Af einni millj. kr. greiðist 220 þús. kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

2. gr.

Þegar skattskyld eignaraukning er ákveðin, skal draga frá eigninni 1. jan. 1940 þá fjárhæð, sem greidd var í útsvar, tekjuskatt, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt og eignarskatt á því ári, og á sama hátt skal draga þessi gjöld, á lögð 1944, frá eigninni í árslok 1943. Frá eignaraukningunni skal draga það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð útgerðarfyrirtækis og varasjóð samvinnufélags, áður en eignaraukaskattur er á lagður. Eignarauki, sem stafar af útborgun líftryggingafjár, örorkueða dánarbóta, er ekki skattskyldur samkv. lögum þessum.

3. gr.

Við ákvörðun eignaraukningar samkvæmt 2. gr. skal farið eftir framtölum skattþegna, eins og skattanefndir hafa frá þeim gengið við álagningu tekju- og eignarskatts. Þó skal um fasteignir, skip og aðrar eignir, sem skattþegn hefur eignast á fyrrgreindu tímabili, miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir eignirnar.

Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur á framtali hans, sé ekki raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að láta fara fram mat á eignabreytingu sinni. Ríkisskattanefnd skal framkvæma mat þetta, en tilnefnt getur hún þó þrjá menn, er framkvæmi matið, þegar sérstaklega stendur á eða ef skattþegn er búsettur utan Reykjavíkur. Við matið skal farið eftir því, hvort skattþegn teljist raunverulega betur stæður fjárhagslega eftir eignatilfærsluna.

Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um raunverulegt kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanefnd meta eignina eða skipa menn til þess samkv. 3. málsg.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats og þar á meðal um alla fresti í sambandi við rétt skattþegna til að óska mats og matsmanna til að fullgera matsgerð sína.

4. gr.

Um álagningu skattsins, gjalddaga, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt, en nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð, og skal þar m. a. setja ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem með nafnskráningu verðbréfa.

Heimilt skal fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattanefndar þess efnis, að veita greiðslufrest á nokkrum hluta eignaraukaskatts allt að 3 árum, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef eignaraukinn er bundinn í atvinnutækjum eða nauðsynlegum birgðum.

5. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, að $\frac{1}{3}$ þess gangi til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, $\frac{1}{3}$ til raforkusjóðs, byggingar nýbýla og landnáms í sveitum og $\frac{1}{3}$ til framkvæmdasjóðs ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.